




Reykjavík, 18. júlí 2019

R19060051

6113

bp



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga umhverfis og skipulagssvið varðandi varanlegan regnboga í Reykjavík***

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. júlí 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019 á tillögu um varanlegan regnboga í Reykjavík, ásamt fylgigögnum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráð ásamt áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:


Borgarráð ásamt áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands fagnar því að settur verði upp varanlegur regnbogi á Skólavörðustíg. Þessi fallega mannlífsgata hentar afar vel undir slíkt verk og viðeigandi að borgin ráðist í verkefnið á stórafmæli réttindabaráttu hinsegin fólks og sendi þar með ekki bara litríkar, heldur táknrænar og virðingarverðar kveðjur til hinsegin samfélagsins.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga er svo sjálfsögð að borgarfulltrúa Miðflokksins finnst óþarfi að ræða hana í borgarstjórn og borgarráði. Skipulags- og samgönguráð hefði getað afgreitt þetta á einum funda sinna án athugasemda. Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi hvað varðar réttindi hinsegin fólks og sama á við löggjafann hér á landi. Á hverju ári er haldin hátíð í Reykjavík, Hinsegin dagar. Dregur hátíðin til sín fólk alls staðar úr heiminum sem tekur þátt í gleðigöngunni og ríkir karnivalstemmning í borginni sem lífgar mjög upp á annars litlausa borg. Gleðigangan og viðhorfið til hinsegin fólks er orðin samofin íslensku samfélagi á fordómalausan hátt. Borgarfulltrúi Miðflokksins lýsir yfir miklum stuðningi við þetta verkefni og bendir á að því miður er Reykjavík ekki í fararbroddi hér á landi hvað varðar varanlegan regnboga allt árið því Seyðisfjörður hefur haft slíkt um langa hríð og er það alveg til fyrirmyndar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar því að ákveðið var að setja regnbogagötu á eina götu borgarinnar enda samþykkt af öllum flokkum í borgarstjórn. Skólavörðustígur hefur verið valinn án nokkurs samráðs við rekstraraðila götunnar eða íbúa þrátt fyrir tal meirihlutans um samráð. Þetta eru ólíðandi vinnubrögð. Skólavörðustígur er vissulega heppileg gata en í lýðræðissamfélagi er leitað eftir samráði við fólk þegar svona ákvörðun er tekin.



Bjarni Þóróddsson  
e.u.